



Vatnatilskipun ESB

Stjórnarsýsla

31. október 2008

Sigríður Auður Arnardóttir



1. Markmið og helstu verk- og tímaþættir vatnatilskipunar
2. Kröfur vatnatilskipunar um stjórn vatnamála
3. Stjórnarsýsla vatnamála á Norðurlöndum
4. Sjónarmið um fyrirkomulag stjórnarsýslu hér á landi
5. Vinna við innleiðingu vatnatilskipunar og næstu skref



Markmið vatnatilskipunar

- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB um aðgerðarramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum, hér eftir nefnd *vatnatilskipun*
- Vatnatilskipun byggir á nokkrum meginreglum umhverfisréttar
- **Meginmarkmið vatnatilskipunar eru:**
 - að vernda vatn og vatnasvæði og stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns
 - samþætta stjórnun vatnamála, koma á aðgerðum til þess að bæta úr ástandi vatns og koma á samræmdu mats- og eftirlitskerfi og söfnun upplýsinga um ástand vatnasvæða
 - Koma á samráði við almenning



Innleiðing vatnatilskipunar og tímafrestir

- Vatnatilskipun kom inn í EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar frá 28. september 2007
- Allir frestir í tilskipuninni miðast við hvenær ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar tekur gildi innan EES
- Setja þarf nauðsynlegan lagaramma til að innleiða tilskipunina og miðað er við að frumvarp verði lagt fram á Alþingi haustið 2009
- Í lögnum þarf m.a. að skilgreina vatnasvið, tilgreina fjölda vatnasviðaumdæma og hvaða stjórnvöld eigi að annast stjórnslu vatnamála innan hvers umdæmis 4



Verkþættir og tímafrestir í vatnatilskipun

2009:

- Skilgreina vatnasvið og skipta þeim niður í vatnasviðaumdæmi
- Skilgreining á viðeigandi stjórnarsýslufyrirkomulagi.
- Skilgreining á lögbæru yfirvaldi

2013: Skilgreina einkenni vatnasviðaumdæma

- Álag og áhrif á vatnsgæði
- Hagfræðilega greiningu á vatnsnotkun
- Greiningu á mikið breyttum vatnsföllum
- Skráning á verndarsvæðum búsvæða og tegunda sem eru beint háð vatni



Verkþættir og tímafrestir í vatnatilskipun

2015:

- Vöktun á ástandi yfirborðsvatns og grunnvatns og vöktun verndaðra svæða
- Stjórnunaráætlanir vatnasviðaumdæma

2018:

- Gera skal áætlanir um ráðstafanir gegn losun mengunarvalda í vatn
- Stjórnunaráætlanir fyrir vatnasviðumdæmi skulu birtar og endurskoðaðar og uppfærðar á sex ára fresti eftir það

2021:

- Samræmd aðferð fyrir punktupptök og dreifð upptök mengunar (losun í yfirborðsvatn).
- Áætlanir um ráðstafanir gegn losun mengunarvalda skulu framkvæmdar



Verkþættir og tímafrestir í vatnatilskipun

2022:

- Fara skal yfir greiningar og mat á vatnasviðaumdæmum og uppfæra ef nauðsyn krefur

2024:

- Skal vera búið að vernda, styrkja og endurheimta öll yfirborðs vatnshlot
- Skal vera búið að vernda og styrkja öll manngerð og mikið breytt vatnshlot, og efnafræðilega gott ástand yfirborðsvatns orðið gott
- Skal vera búið að vernda, styrkja og endurheimta öll grunnvatnshlot, tryggja jafnvægi milli vatnstöku og endurnýjunar grunnvatns í því skyni að ástand grunnvatns verðið orðið gott.
- Þegar um er að ræða verndarsvæði skal vera búið að uppfylla allar kröfur og ná öllum markmiðum þessarar tilskipunar



Stjórnsýsla vatnatilskipunar

- Stjórnsýsla skipulögð með tilliti til náttúrulegra vatnasviða en ekki stjórnsýslumarka í hverju landi
- Skilgreina þarf *vatnasvið* (vatnaskrá), 3. gr.
- Ákveða þarf *vatnasviðaumdæmi* sem samanstanda af vatnasviðum, 3. gr.
- Vatnasviðaumdæmi er stjórnsýslueining og tilgreina þarf stjórnvöld innan hvers umdæmis sem annast stjórnsýslu innan þess



Innan hvers vatnasviðaumdæmid skal gera eftirfarandi:

- Samræma kröfur um *umhverfismarkmið*, 4. gr.
- Gera skrá yfir *vernduð svæði*, 6. gr.
- Gera *áætlun um vöktun* á ástandi vatns og verndaðra svæða, 8. gr.
- Gera áætlun um ráðstafnir, *aðgerðaáætlanir*, 11. gr.
- Gera *stjórnunaráætlanir/vatnaskipulag*, 13. gr.



Stjórnsýsla vatnamála

- Stjórnsýsla vatnamála hér á landi er í höndum ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga
- Umhverfisiráðuneytið ber ábyrgð á innleiðingu vatnatilskipunar í samráði við önnur stjórnvöld
- Ráðuneyti:
 - Umhverfisiráðuneytið
 - Iðnaðarráðuneytið
 - Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
 - Forsætisráðuneytið



Stjórnsýsla vatnamála

- Stjórnsýslustofnanir: Umhverfisstofnun, Vatnamælingar síðar Veðurstofa Íslands, Orkustofnun, Matvælastofnun, Landgræðsla ríkisins, Skipulagsstofnun
- Starf rannsóknastofnana er grunnur að starfi stjórnsýslustofnana svo sem: Veiðimálastofnun, Orkustofnun, Hafrannsóknastofnunin og Náttúrufræðistofa Kópavogs
- Stjórnsýsla sveitarfélaga í höndum 10 heilbrigðiseftirlitssvæða



Stjórnsýsla vatnamála á Norðurlöndum

- Norðurlönd hafa sett reglur um stjórnsýslu vatnamála

1. Danmörk

- Lög um umhverfismarkmið m.a. fyrir vatn og alþjóðleg náttúruverndarsvæði frá 2003, breytt 2005
- 3 vatnasviðaumdæmi og 1 alþjóðlegt
- Stjórnsýslan hjá umhverfisráðuneyti og sveitarstjórnnum
- Umhverfisráðuneytið er vatnastjórnvald fyrir vatnasviðaumdæmin, eftirlit er hjá sveitarfélögum



Stjórnsýsla vatnamála á Norðurlöndum

2. Svíþjóð

- Umhverfislög, 5. kafli og reglugerð nr. 2004:660 um gæðastjórnun vatnasvæða
- 5 vatnasviðaumdæmi
- Stjórnsýslan hjá 5 lénsstjórnnum og sveitarfélögum
- Lénsstjórn er vatnastjórnvald í hverju umdæmi og sveitarfélög fara með eftirlit

3. Noregur

- Reglugerð um ramma fyrir stjórn vatnamála 2006:1446
- 9 vatnasviðaumdæmi
- Stjórnsýslan hjá 9 vatnastjórnvöldum og 9 vatnasviðanefndum sem starfa á þeirra ábyrgð



Stjórnarsýsla vatnamála á Norðurlöndum

3. Noregur

- Vatnastjórnvöld eru á vegum svæðissveitarstjórna (Fylkesmannen)

4. Finnland

- Finnsku lögin um stjórn vatnasviðaumdæma frá 2004 og 2006 (1299/2004, 1040/2006 og 1303/2004)
- 7 vatnasviðaumdæmi, 5 á meginlandi og 2 alþjóðleg svæði
- 13 stjórnvöld á svæðisstigi (Regional Environmental Centres) hvert með sameiginlega vinnunefnd sem skipuð er stjórnvöldum og hagsmunaaðilum



Sjónarmið um fyrirkomulag stjórnsýslu

- Skipulag stjórnsýslu eftir vatnasviðaumdæmum tryggir yfirsýn um samtengd vatnasvæði
- Ákveða þarf hvert hlutverk ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga eigi að vera í stjórnsýslu og framkvæmd vatnatilskipunar
- Stjórnsýslan skal byggjast á vatnasviðaumdæmum, ákveða þarf fjölda þeirra hér á landi
- Skoðun á vatnasviðum og vatnafari hefur m.a. áhrif á ákvörðun um fjölda svæða



Sjónarmið um fyrirkomulag stjórnsýslu

- Landfræðileg mörk sveitarfélaga, heilbrigðiseftirlitssvæða o.s.frv. er ekki ákvörðunatriði fyrir skiptingu í vatnasviðaumdæmi skv. vatnatilskipun
- Tryggja þarf virka þátttöku hagsmunaaðila við gerð og endurskoðun stjórnunaráætlana og athugasemdarétt almennings, 14. gr.
- Taka þarf afstöðu til þess hvernig framfylgja eigi stjórnunaráætlunum



Skýrsla vatnalaganefndar

- Vatnlaganefnd skilaði skýrslu sinni í september sl.
- **Nefndin leggur til:**
 - að fram fari endurskoðun á stjórnarsýsluákvæðum vatnalaga nr. 20/2006 sem miði að því að tryggja að við meðferð mála samkvæmt lögnum verði litið til ólíkra hagsmuna sem við vatnsauðlindina eru tengdir,
 - að ákvæðin verði gerð skýrari og að betur verði hugað að samræmi við stjórnarsýsluákvæði annarra laga á þessu sviði og
 - að skipulag stjórnarsýslu vatnamála verði gert heildstæðara og í því sambandi verði tekið mið af ákvæðum vatnatilskipunar



Vinna við innleiðingu og næstu skref

- Umhverfisráðuneytið og Umhverfisstofnun eru að vinna við greiningu á kröfum vatnatilskipunar:
 - Greining á gögnum sem fyrir hendi eru og á vantar
 - Greining á kröfum um vöktun
 - Greining á skyldum vegna stjórnarsýslu og útfærslu á innleiðingu
- Umhverfisstofnun mun í nóvember nk. setja á fót einn eða fleiri samstarfshópa stofnana til að fara yfir stöðu mála



Vinna við innleiðingu og næstu skref

- Umhverfissráðuneytið mun skipa nefnd hagsmunaaðila í byrjun árs 2009 til að vinna lagafrumvarp til innleiðingar á vatnatilskipuninni sem lagt verður fram á Alþingi 2009
- Framfylgd á stjórnarsýslu og verkþáttum vatnatilskipunar 2009-2024 á grundvelli samþykktra laga